



UMSÖGN

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Sendandi: Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB) hefur verið falið að undirbúa umsögn um málið fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg styður þingsályktunartillöguna enda er hún til þess fallin að ríkisstjórnin beiti sér fyrir tímabærum aðgerðum í þágu sveitarfélaga landsins. Líkt og kom fram í umsögn sviðstjóra fjármála- og áhættustýringasviðs (FÁST) um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021, mál nr. 1/150, tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025, mál nr. 2/150, og frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál, mál nr. 6/150, telur sviðið að núverandi stuðningur ríkisins við sveitarfélögin sé fjarri því að tryggja fjármögnun borgarsjóðs á þeim mikilvægu verkefnum sem borgin og önnur sveitarfélög hafa á hendi. Líklegt má telja að þessi vanfjármögnun mun fyrr eða síðar þvinga sveitarfélögin til samdráttar í samfélagslega mikilvægum fjárfestingum og jafnvel niðurskurðar í viðkvæmri og lögskyldri þjónustu.

Samkvæmt greiningu FÁST er nauðsynlegur stuðningur ríkisins við sveitarstjórnarstigið á Íslandi vegna áhrifa Covid-19 að minnsta kosti 50 ma.kr. fyrir árin 2020-2021. Nýjasta greining FÁST bendir til að tekjufall borgarsjóðs í útsvarstekjum vegna Covid-19 árið 2020 muni nema 4,5 ma.kr. og 8,0 ma.kr. í öðrum tekjum eða alls um 12,5 ma.kr. Útgjöld borgarinnar á árinu 2020 hafa aukist mikið af sömu ástæðum eða um 2,6 ma.kr. Áhrifin í heild nema rúmlega 15 ma.kr. á árinu 2020. Þetta mat er talsvert hærra en FÁST taldi fyrr á árinu og rataði í greiningarskýrslu starfshóps sveitarstjórnarráðherra. Gera má ráð fyrir áframhaldandi mikilli stuðningsþörf á árinu 2021 eða a.m.k. um 12 ma.kr.

Því tekur Reykjavíkurborg undir þær tillögur sem fram koma í þingsályktunartillögunni um mikilvægi þess að ríkissjóður komi til móts við sveitarfélög vegna lækkunar á útsvarstekjum með stuðningi í hlutfalli við tekjufall einstakra sveitarfélaga sem og með auknum framlögum í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Áformuð framlög til aukningar á ráðstöfunarfé Jöfnunarsjóðs um 670 mkr. vegna þjónustu við fatlað fólk duga alls ekki til að bæta upp þá eðlilegu aukningu á framlögum sem hefði átt að verða á árinu 2020 og er harla lítið í samanburði við hallann á rekstri þeirrar þjónustu hjá borginni. Sama gildir um áformuð framlög vegna fjárhagsaðstoðar sem nema 720 mkr. Þarna þarf að bæta um betur. Það er mat Reykjavíkurborgar að fjármálalega áfallið mælt í krónum á hvern íbúa verði mest og þyngst í

Reykjavík og þetta mat er stutt í nýrri greiningu starfshóps sveitarstjórnarráðherra. Þrátt fyrir það beinist lítill sem enginn stuðningur til borgarinnar og höfuðborgarsvæðisins.

Hér er rétt að benda á að aðildarríki OECD eru vöruð við því að styðja ekki vel við sveitarfélögin í gegnum þessa kreppu enda þýðir það að skyldur sveitarfélaganna færast yfir á ríkið ef sveitarfélög hafa ekki bolmagn til að uppfylla lagaskyldur sínar. Jafnframt er bent á að í minnisblaði Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 23. sept. 2020 um stuðningsaðgerðir norrænu ríkjanna við sveitarfélög og héraðsstjórnir, að ríkisstjórnir Norðurlandanna muni styðja myndarlega við sveitarfélögin og þá almennu þjónustu sem þau veita íbúum sínum, sem er ólíkt því sem gerist á Íslandi. Minnisblað OECD ætti að vera mikilvæg áminning um hvernig standa ber að málum hér á landi.

Einnig er tekið undir þann þátt þingsályktunartillögunnar að ríkissjóður hafi milligöngu um hagstæðar lánveitingar til sveitarfélaga vegna fjárfestinga. Hætt er við því að lækkandi tekjur sveitarfélaga, minna veltufé frá rekstri og hækkandi skuldahlutfall munu hafa vaxandi áhrif á aðgengi þeirra að lánsfé og lánskjör. Af þessu má álykta að áhrif lánsfjármögnunar á vaxandi afkomuhalla geti skaðað fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaganna til lengri tíma og haft þungbær áhrif á rekstur þeirra og þjónustu til framtíðar.

Reykjavíkurborg styður einnig byggingu almennra leiguíbúða og að framkvæmdasjóður verði styrktur svo að unnt verði að ráðast í viðhaldsframkvæmdir og tryggja stofnkostnað nýrra hjúkrunarheimila. Jafnframt að ríkið leggi fram stóraukið framlag til hjúkrunar- og dagdvalarrýma því rekstur hjúkrunarheimila sem eru á vegum sveitarfélaga eru vanfjármögnuð, sem er kunnara en frá þurfi að segja. Einnig er mikilvægt að átak verði í íslenskukennslu atvinnuleitenda af erlendum uppruna með því að ríkið styðji fjárhagslega við bakið á slíkri kennslu sem er hluti af virkri aðlögun atvinnuleitenda af erlendum uppruna í íslensku samfélagi.

Reykjavíkurborg lýsir sig reiðubúna til að gera frekari grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögninni með því að mæta fyrir viðeigandi þingnefnd.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari